

Forsætisnefnd

Veikindaleyfi kjörins fulltrúa.

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist ný tilkynning frá Ásgerði Jónu Flosadóttur, varaborgarfulltrúa Flokks fólksins um framlengt veikindaleyfi til og með 1. nóvember 2020. Hún hefur jafnframt afhent læknisvottorð þar sem fram kemur að hún er óvinnufær í ótiltekinn tíma. Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að sé borgarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum eigi að síður í allt að einu ári. Ásgerður hefur verið skráð í veikindaleyfi frá og með 15. janúar 2020.

Tilkynnist það forsætisnefnd hér með.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar